



**88. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar
fimmtudaginn 26. september 2013, kl. 16:00.**

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) SSNV frá 8. maí 2013
 - b) SSNV frá 27. ágúst 2013
 - c) Bygðasamlags um málefni fatlaðra frá 27. ágúst 2013
 - d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. september 2013
 - e) Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 3. september 2013
 - f) Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu frá 15. maí 2013
 2. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2013
 3. Bréf frá Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytinu frá 11. september 2013
 4. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Íslands frá 6. september 2013
 5. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi
 6. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) **SSNV frá 8. maí 2013**
Lögð fram til kynningar
 - b) **SSNV frá 27. ágúst 2013**
Lögð fram til kynningar
 - c) **Bygðasamlags um málefni fatlaðra frá 27. ágúst 2013**
Lögð fram til kynningar
 - d) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. september 2013**
Lögð fram til kynningar
 - e) **Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 3. september 2013**
Lögð fram til kynningar
 - f) **Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu frá 15. maí 2013**
Lögð fram til kynningar



2. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2013

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður haldinn miðvikudaginn 2. október n.k.

Bæjarstjóri mætir á fundinn.

3. Bréf frá Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytinu frá 11. september 2013

Ráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta fiskveiðíársins 2013/2014.

Bæjarstjóra falið að senda umsókn á ráðuneytið.

4. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Íslands frá 6. september 2013

Hlutdeild Blönduósbæjar í Sameignarsjóði EBÍ er 1,009% og greiðsla ársins til Blönduósbæjar verður hlutfall af kr. 150 m.kr. eða kr. 1.513.500,-.

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi

Jolanta Tomaxzewska kt. 271161-2129, f.h. Gistiheimlisins Kiljunnar ehf. kt. 540409-0640, um leyfi til að reka gististað í flokki II að Blöndubýggð 8, 540 Blönduósi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

6. Önnur mál

Rætt var um slæmt ástand þjóðveggarins sem liggur í gegnum Blönduósbæ þ.m.t ástand Blöndubrúarinnar. Ástand brúarinnar er með öllu óásættanleg þar sem hún er of mjó fyrir akandi umferð og hættuleg fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Bæjarráð telur að úrbóta sé þörf strax.

Bæjarráð felur bæjarstjóra og tæknideild að ræða við Vegagerðina.

Bæjarráð ásamt bæjarstjóra fóru í skoðunarferð í húsnæði, sem áður hýsti hárgreiðslustofuna FLIX, en þar dvelja elstu bekkingar leikskólans á Blönduósi sökum mikils fjölda barna við Barnabæ. Aðstaðan öll er til fyrirmyndar og eiga starfsmenn leikskólans mikið hrós skilið fyrir að hafa gert hana sem glæsilegasta.

Bæjarráð ásamt bæjarstjóra og eftirlitsmanni eigna fóru og kynntu sér ástand félagsheimilisins. Á árinu 2012 var hluti af þaki félagsheimilisins tekið í gegn en ljóst er að mikils viðhalds er þörf víða. Tæknideild og eftirlitsmanni eigna falið fyrir næstu fjárhagsáætlunargerð að forgangsraða og koma með tillögu að næstu viðhaldsframkvæmd við félagsheimilið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:15

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)